

tveim árum taki að minnsta kosti 6 íslendingar próf í lögum við háskólann, og **51**  
 að auk þess eru 15 íslenskir stúdentar að lesa lögfræði við háskólann. Þegar **24. maí.**  
 svo þess er gætt, að ekki eru nema 26 launuð embætti og sýslanir hjer á  
 landi, sem lögfræðispróf útheimtist til, virðist það liggja í augum uppi, að það  
 eru alls ekki glæsilegar horfur fyrir kandidat frá lagaskóla hjer á landi til  
 þess að komast í launaða stöðu. Í þessu tilliti getur læknaskólinn verið til  
 samanburðar; hann var allvel sóttur meðan von gat verið til að afloknu prófi  
 að fá stöðu, þótt launalítill væri, sem læknir; en hin tvö síðustu ár, eptir að  
 læknaembættin eru fullskipuð, hafa engir nýir nemendur komið á skólann.

Sökum þess er jeg þannig hef fram tekið get jeg ekki ráðið til, að  
 stjórnin leggi frumvarp til laga um stofnun lagaskóla hjer á landi fyrir alþing  
 það, er kemur saman næsta ár.

## Reikningur

**52.**

yfir tekjur og gjöld Möðruvallaklausturskirkju fardaga-árið 1891—92.

30. maí.

### Tekjur:

1. Fasteignartíund af 607,8 hndr. 182,34 ál. á 50 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> eyr. . . . .	92 08
2. Lausafjártíund af 417,5 hndr. 125,25 ál. á 51 eyr. . . . .	63 88
3. Ljóstollar tals 64 = 256 pd. tólgar á 27 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> eyr. . . . .	70 40
4. Legkaup 4 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> , hvert 6 ál. = 27 ál. á 51 eyr. . . . .	13 77
5. Kirkjugjald af húsum . . . . .	15 90
6. Ólokin kirkjugjöld frá f. á. . . . .	23 86
7. Fyrir muni selda við uppboð . . . . .	32 51

Alls kr. 312 40

### Gjöld:

1. Eyrir messuvín . . . . .	7 50
2. — kerti til lýsingar . . . . .	13 00
3. — hirðing og þvott kirkju og skruða . . . . .	16 00
4. — ýmsar smá-aðgerðir . . . . .	9 45
5. — breyting á sæti skólastjóra á Möðruvöllum . . . . .	121 64
6. — umbúning prjedikunarstóls í kirkjunni . . . . .	41 55
7. — umbúðir við flutning prjedikunarstólsins . . . . .	11 84
8. Borgað upp í andvirði prjedikunarstólsins . . . . .	69 23
9. Fyrir endurskoðun reiknings þessa 3 ál. á 50 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> eyr. . . . .	1 52
10. — 2 ljósahöld úr trje . . . . .	0 50
11. Ólokin kirkjugjöld fyrir 1891 og 1892 . . . . .	20 17

Alls kr 312 40

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins 30. maí 1893.

*J. Havsteen.*